

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Sog við Grænudyngju

Við Sog má finna einstaklega litskrúðugar leirsteindir sem eiga engan sinn líka á Reykjanesi. Þau liggja í dæld milli móbergshryggjanna Grænadyngju, Fíflavallafjalls og Grænavatnseggja. Frá lokum ísaldar hefur dældin fyllst af seti sem síðar hefur ummyndast af jarðhitnum sem er á svæðinu, loks hefur Sogslækur náð að grafa sig úr sigdældinni og í kjölfarið niður í gegnum litrík setlögin.¹ Á svæðinu er mikið um ummyndunarsteindir. Mest ber á hinum litríku leirsteindum, en einnig má finna nokkuð af kvasi, kalsíti og geislasteinum. Lítið hefur verið gefið út um jarðfræði svæðisins en þó er það eitt af fáum góðum jarðlagaopnum á Reykjanesi. Frekari rannsóknir myndu auka fræðslugildi svæðisins en samspil jökla, eldvirkni, jarðhita og rofs gerir það sérlega hentugt til fræðslu. Einn áberandi gufuhver er við vesturenda svæðisins og svo er lítið hverasvæði við borholuna.

Framkvæmd

Sog voru heimsótt þann 25.ágúst 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gönguslóði svæðisins var genginn frá bílastæðinu austan frá hjá Vigdísarvallarvegi og að Sogum. Sogin sjálf voru síðan gengin í átt að borholuplaninu vestan við svæðið. Ástandsmat var lagt á innviði ásamt gróður og jarðminjum. Notast var við FieldMaps forritið til að taka myndir og skrásetja innviði, skemmdir á gróðri og jarðminja, ásamt því að skrá gönguslóðir og hentistíga. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Þar að auki var dróni notaður til að gera myndkort af svæðinu.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Hægt er að komast að svæðinu bæði að vestan um veg sem liggur frá Höskuldarvöllum að borholuplani eða að austan frá Vigdísarvallarvegi að bílastæði sem er norðaustan við Djúpavatn. Vegurinn að borholunni er varla fær nema á góðum jeppum en hægt er að komast að Djúpavatni á jepplingi. Fyrir utan bílastæðin eru engin mannvirki á svæðinu en slóðar á svæðinu virðast að mestu vera kindagötur, þó er búið að stika gönguleið austan við Sog en sú leið er á köflum illgreinileg meðal annars vegna þess að málning hefur flagnað af stikunum.

Að vestanverðu liggur áberandi stígur inn á svæðið frá borholunni. Eftir því sem farið er lengra inn er hann víða rofinn af læknum og á köflum hverfur hann jafnvel alveg. Að austanverðu liggja nokkrir slóðar og kindagötur í átt að Sogum og væri æskilegt að þaðan væri ein skýr leið að svæðinu.



1. mynd: Sogin eru ummynduð af jarðhita og Sogslæk sem hefur grafið sig niður leirgilið milli móbergshryggjanna og gefa svæðinu litskrúðuga ásýnd.

Nokkuð var um för eftir mótorhjól eða fjallahjól á svæðinu en einnig var nokkuð um för eftir sauðfé í ummyndunarleirnum. Þrátt fyrir að lítið sé um gróðurskemmdir á svæðinu má ætla að gróðurpekjan sé viðkvæm og gæti orðið fyrir töluverðum skemmdum ef umferð um svæðið eykst.

Gróðurinn við Sogið er dæmigerður fyrir Reykjanesið þar sem svæðið einkennist af hraunlendi, moslendi, mólendi, melum og sandlendi. Það var lítið um gróður í leirgilinu sjálfu. Í hlíðinni við bílastæðið hjá borholunni, vestan við Sogið, er áhugaverður hver með miklum jarðhita. Nálægt hvernum var hægt að sjá gróður sem er einkennandi fyrir jarðhitasvæði, eins og naðurtungu (*Ophioglossum azoricum*) sem er afar sjaldgæf og flokkast sem tegund í nokkurri hættu (VU) á valista Íslands.² Dýralífið var fremur fábreytt, töluvert var af kindum á vappi á svæðinu, þrír hrafnar og svo sáust einstaka mófuglar á flugi sem var erfitt að tegundagreina.



2.mynd: Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*) er afar sjaldgæf plöntutegund á Íslandi og vex einungis á jarðhitasvæðum hér á landi.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Torfærir vegir og óljósar gönguleiðir eru eflaust meginástæður þess að þetta einstaka svæði verði ekki fyrir meira álagi. Þó er svæðið í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið og ef til vill þarf ekki nema eina fjölmiðlaumfjöllun til að umferð stóraukist, líkt og gerðist við Rauðfossa. Gróður og jarðminjar á svæðinu eru mjög viðkvæmar og gæti orðið fyrir töluverðu raski ef umferð um svæðið eykst. Ástæða er til að vakta svæðið með nokkra ára millibili og jafnvel oftari ef vísbendingar eru um að umferð um svæðið sé að aukast.

Heimildir

1. Kristján Sæmundsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, Árni Hjartarson, Ingibjörg Kaldal, Sigurður Garðar Kristinsson & Skúli Víkingsson. 2016. Jarðfræðikort af Suðvesturlandi. 1:100 000. www.jardfraedikort.is (skoðað 20.09.2022)
2. Hörður Kristinsson, Starri Heiðmarsson & Pawel Wasowicz. 2018. Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*). Náttúrufraeðistofnun Íslands. <https://www.ni.is/is/biota/plantae/tracheophyta/psilotopsida/ophioglossaceae/nadurtunga-ophioglossum-azoricum>